

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
Arnarhvoli við Sölvhóls götu
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2021

Efni: Lögmæti netverzlunar með áfengi og eyðing óvissu í viðskiptum

Að undanfögnu hafa hafið starfsemi hér á landi nokkrar netverzlanir með áfengi. Má nefna bjórland.is, sem selur innlendan bjór, Sante Wines, sem selur einkum innflutt áfengi en einnig innlendar vörur og Nýju vínbúðina, sem selur einnig innlendan bjór í bland við innflutt áfengi. Eftir því sem næst verður komið er Bjórland rekið á íslenskri kennitölu, Sante Wines á franskri og Nýja vínbúðin á brezkri. Í öllum tilvikum er varan þó send til neytenda úr innlendum vöruhúsum og afhendingartími er skammur, stundum innan við sólarhringur. Eftir því sem næst verður komið hafa yfirvöld ekki gripið inn í starfsemi þessara netverzlana.

Félagsmenn í Félagi atvinnurekenda, sem eru jafnt framleiðendur sem innflytjendur áfengis, sjá sér eðilega ekki annað fært en að taka þátt í samkeppninni á þessum nýja markaði ef framhald verður á starfsemi netverzlanna. Sumir hverjir hafa þeir jafnframt fengið fyrirspurnir frá vefverzlunum, sem reknar eru á erlendri kennitölu, um viðskipti. Umrædd fyrirtæki hafa þó verið hikandi að taka þátt í þessum viðskiptum, ekki sízt vegna þess að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins (sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið) hefur gengið fram af talsverðri hörku gegn hinum nýju keppinautum með kærnum til löggæzlu- og skattayfirvalda.

Að mati FA er nauðsynlegt, ekki sízt vegna þessarar framgöngu undirstofnunar fjármála- og efnahagsráðuneytisins, að ráðuneytið skýri þær reglur sem um netverzlanir með áfengi gilda og stuðli þannig að öryggi og fyrirsjáanleika í viðskiptum.

Í þættinum Dagmálum, sem birtist á mbl.is hinn 21. júlí síðastliðinn og einnig var greint frá í Morgunblaðinu sama dag, lýsti Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra því mati sínu að netverzlanir með áfengi störfuðu „innan ramma EES-samstarfsins.“ Jafnframt sagðist hann eiga erfitt með að sjá að netverzlun með áfengi stangaðist á við lög og að hann fagnaði netverzlun með áfengi, hún væri frábær viðbót.

Að mati FA er nauðsynlegt, með vísan til framangreindra sjónarmiða um öryggi og fyrirsjáanleika í viðskiptum, að ráðuneytið veiti með formlegum hætti skýr svör um það hvort mat ráðherrans sé mat stjórnsýslunnar.

Í ljósi framangreinds beinir FA eftirfarandi spurningum til ráðuneytisins:

- 1) Er netverzlun áfengisframleiðenda með staðfestu á Íslandi, líkt og fer fram á bjorland.is, í samræmi við lög?

- 2) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í öðru EES-ríki, sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?
- 3) Er netverzlun fyrirtækis með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (t.d. Bretlandi) sem afhendir vörur til neytenda beint úr vöruhúsi á Íslandi, í samræmi við lög?

Svara við þessum spurningum er óskað innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa, enda eru umtalsverðir hagsmunir í húfi. Telji fjármála- og efnahagsráðuneytið önnur ráðuneyti betur til þess fallin að svara þessum einföldu spurningum mælist FA eindregið til þess að erindi þetta verði áframsent með hraði og afgreitt fljótt og vel. Eins og áður segir hafa félagsmenn FA áhuga á að taka þátt í þeirri samkeppni sem hafin er í netverzlun með áfengi, en telja mikilvægt að hafa vissu fyrir því að þeir starfi innan ramma laga og reglna og eigi ekki von á inngripum stjórnvalda.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA